



Innra mat

**Sjálfsmatsskýrsla
Skólaárið 2022-2023**


6. desember 2023
Grétar Karlsson, verkefnisstjóri innra mats

Efnisyfirlit

Matsþættir í FNV	3
Matsáætlun 2021-2025	3
Framkvæmd.....	4
Niðurstöður matsþátta.....	6
Áfangakannanir	6
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar	7
Skólapúlsinn.....	8
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar	8
Sameyki – Stofnun ársins 2022.....	9
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar	9
Umbótaáætlun	9

Matsþættir í FNV

Val á matsþáttum ræðst af eðli starfsins. Til hliðsjónar voru höfð m.a. lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og skólasamningur FNV við ráðuneyti mennta- og menningarmála. Matsþættir í innra mati FNV eru **A)** kennsla og önnur störf kennara, **B)** stjórnun **C)** stoðþjónusta og önnur þjónusta, **D)** nemendur og nám og **E)** starfsfólk og starfsumhverfi. Tilviljun ræður röð á matsþáttum.



Matsáætlun 2021-2025

Sjálfsmatsáætlun 2021-2025

Mánuður	Haust 2021	Mánuður	Vor 2022	Mánuður	Haust 2022	Mánuður	Vor 2023
Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:	
Október	Ungt fólk	Apríl	Skólapúlsinn	Október	Ungt fólk	Apríl	Skólapúlsinn
Nóvember	Áfangakönnun: Félagsvísindi	Apríl	Áfangakönnun: Raungreinar	Nóvember	Áfangakönnun: Tungumál	Apríl	Áfangakönnun: Verknám
Kennarar og starfsfólk:				Kennarar og starfsfólk:			
Nóvember	Sameyki - Stofnun ársins			Nóvember	Sameyki - Stofnun ársins		
Mánuður	Haust 2023	Mánuður	Vor 2024	Mánuður	Haust 2024	Mánuður	Vor 2025
Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:	
Október	Ungt fólk	Apríl	Skólapúlsinn	Október	Ungt fólk	Apríl	Skólapúlsinn
Nóvember	Áfangakönnun: Félagsvísindi	Apríl	Áfangakönnun: Raungreinar	Nóvember	Áfangakönnun: Tungumál	Apríl	Áfangakönnun: Verknám
Kennarar og starfsfólk:				Kennarar og starfsfólk:			
Nóvember	Sameyki - Stofnun ársins			Nóvember	Sameyki - Stofnun ársins		

Framkvæmd

Innra mat við FNV er að mestu unnið af teymi um innra mat. Teymi um innra mat skólaárið 2022-2023 skipa Grétar Karlsson, verkefnisstjóri sjálfsmats, Ágúst Ingi Ágústsson, Guðrún Helga Tryggvadóttir og Dagný Erla Gunnarsdóttir fyrir hönd nemenda.

Lagðar eru fyrir kannanir samkvæmt matsáætlun og skoðuð fyrirbyggjandi gögn s.s. niðurstöður *Ungt fólk og framhaldsskólinn*, tölur frá Hagstofu Íslands, tölur úr upplýsingakerfi Innu og kannanir Sameykis. Aðrar kannanir er lagðar fyrir ef og þegar tilefni þykir til.

Þegar utanaðkomandi aðilar leggja fyrir kannanir eins og t.d. Skólapúlsinn og Sameyki forðast skólinn að vera með sínar eigin kannanir á svipuðum tíma þar sem reynslan sýnir að þá lækkar svarhlutfall.

Á skólaárinu 2022-2023 voru lagðar fyrir eftirfarandi kannanir:

Áfangakönnun á haustönn 2022.

Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 14. nóvember til 5. desember. Fjöldi svara í áfangakönnun var 217 (79% svarhlutfall) og var könnunin lögð fyrir í INNU. Fulltrúar teymis um innra mat fóru í kennslustundir auk þess sem sendur var tölvupóstur á nemendur til að óska eftir þátttöku. Niðurstöður áfangakönnunar eru ekki kyngreindar að öðru leyti en að hægt er að tilgreina kyn í einum valmöguleika en þátttakendur voru 54% karlar, 43% konur og 3% kynsegin/annað. Meirihluti þátttakenda býr í foreldrahúsum (57%), 4% þeirra býr í eigin húsnæði og 38% á heimavist. Meirihluti þátttakenda er í dagskóla eða 88%, enginn í helgarnámi, og 11% í dreifnámi og 1% í fjarnámi. 51% aðspurðra eru nýnemar. Samkvæmt matsáætlun voru tungumálaáfangar til skoðunar og áfangar kenndir af nýjum kennurum. Þeir áfangar sem voru til skoðunar voru: DANS1AA05, ENSK1UN05, ENSK2OT05, ENSK2TM05, ENSK3BK05, ENSK3VF05, ÍSLE1HF05, ÍSLE2MB05, ÍSLE3BS05, SPÆN1AG05, SPÆN1AV05 og PÝSK1PL05.

Sameyki – Stofnun ársins 2022.

Starfsmannakönnun Sameykis var lögð fyrir á haustönn 2022 af Gallup. Þátttakendur í könnuninni voru 32 og svarhlutfall 58% (Fjöldi útsendra lista voru 55). Framkvæmdartími könnunar var nóvember – desember 2023. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra varð í fimmta sæti í flokki stofnana með 40-89 starfsmenn eða fleiri og má nota nafnbótina Fyrirmyndarstofnun 2022.

Ungt fólk.

Könnunin Ungt fólk var ekki lögð fyrir.

Áfangakönnun á vorönn 2023.

Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 17. apríl til 1. maí. Fjöldi svara í áfangakönnun var 133 (83% svarhlutfall) og var könnunin lögð fyrir í INNU. Fulltrúar teymis um innra mat fóru í kennslustundir auk þess sem sendur var tölvupóstur á nemendur til að óska eftir þátttöku. Niðurstöður áfangakönnunar eru ekki kyngreindar að öðru leyti en að hægt er að tilgreina kyn í einum valmöguleika en þátttakendur voru 92% karlar, 8% konur og 1% kynsegin/annað. Meirihluti þátttakenda býr í foreldrahúsum (65%), 5% þeirra býr í eigin húsnæði og 30% á heimavist. Allir þátttakendur eru í dagskóla og 16% aðspurðra eru nýnemar. Samkvæmt matsáætlun voru verknámsáfangar til skoðunar og áfangar kenndir af nýjum

kennurum. Þeir áfangar sem voru til skoðunar voru: EFRÆ1EF05, GRUN2ÚF04, IÐNT3AC05, RAFL3GD03, RAFM3GD05, RAMV1HL05, RAMV2SR05, RRVV2RB03, RÖKR3IS05, SMÍÐ2NH05, SMÍÐ3VV05, TEIK2HH05, TRÉS1VT08, UMHV2ÓS05 og VÉLS2KB05.

Skólapúlsinn á vorönn 2023. Könnunin hófst 12. apríl og lauk 15. maí. Þátttakendur voru 105 og af þeim svöruðu 79 könnuninni eða 75,2%. Könnunin miðar að því að gera framhaldsskólum mögulegt að meta stöðu og árangur af því þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar.

Niðurstöður matsþátta

Hér á eftir er greint frá niðurstöðum matsþátta fyrir viðkomandi önn.

Áfangakannanir

	H19	V21	H21	V22	H22	V23
Áfanginn er vel skipulagður (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,51	3,97	3,80	4,18	3,92	3,99
Ég er ánægð/ur með aðferð við námsmat (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst)	3,43	4,13	3,65	4,27	3,90	4,03
Ég hef lagt mig fram í þessum áfanga (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,67	4,15	3,70	3,90	3,83	3,82
Ég hef metnað fyrir því að standa mig vel í áfanganum (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er hæst og 5 er lægst).	3,57	3,98	3,64	3,92	3,67	3,39
Ég læri heima ef ég næ ekki að klára verkefni í kennslustund (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,41	3,79	3,69	3,55	3,69	3,19
Ég missi einbeitingu í kennslustund og fer að gera eitthvað annað en ég á að vera að gera (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er alltaf og 5 er aldrei).	3,26	3,40	3,10	3,14	3,29	3,26
Ég undirbý mig fyrir kennslustundir (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,62	3,34	2,62	2,74	2,71	2,78
Kennsluáðferðir kennarans höfða til mín (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,97	3,97	3,34	3,95	3,47	3,76
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,46	3,90	3,65	4,06	3,70	3,86
Moodle síða áfangans er gagnleg (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,72	3,10	3,82	3,90	3,96	3,11
Námsefnið hefur aukið áhuga minn á efninu (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	2,48	3,97	3,19	3,59	3,08	3,57
Samskipti mín við aðra nemendur eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	4,02	4,44	3,99	4,14	3,93	4,21
Samskipti mín við kennarann eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,66	4,45	3,99	4,33	4,12	4,30
Skilningur minn á efni áfangans hefur aukist (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,16	4,29	3,60	4,07	3,59	3,91

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Inna gefur ekki tækifæri til kyngreindra niðurstaðna og því eru niðurstöður settar fram sem einn hópur. Sama verklag hefur verið notað frá vorönn 2017 og því mögulegt að bera saman annir.

Haustönn 2022

Styrkleika er að finna í að nemendur telja samskipti sín bæði við aðra nemendur og við kennara vera góð, finnast kennsluvefir áfanganna vera gagnlegir, áfangarnir vera vel skipulagðir og eru ánægðir með aðferð við námsmat.

Helstu veikleikana má finna í að nemendur undirbúa sig ekki fyrir kennslustundir, finnst námsefnið ekki vekja áhuga á efninu og missa einbeitingu í kennslustundum.

Vorönn 2023

Styrkleika er að finna í að nemendur telja samskipti sín bæði við aðra nemendur og við kennara vera góð, eru ánægðir með aðferð við námsmat, áfangarnir vera vel skipulagðir og telja skilning sinn á efni áfangans hafa aukist.

Helstu veikleikana má finna í að nemendur undirbúa sig ekki fyrir kennslustundir og finnast kennsluvefir áfanganna ekki vera gagnlegir.

Skólapúlsinn

Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mælgilda á bilinu 1 til 9 (staðalnúmer) eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er munur á staðalnúmervarða uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstaða hvers matsþáttar er borin saman við heildarútkomu allra þátttökuskóla (dálkurinn „Viðmið“), breyting skólans frá síðasta ári er gefin upp í dálknum „Breyting“. Bæði breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, rauðum ef samanburðurinn er neikvæður en grænum ef hann er jákvæður.

Matsþættir	Niðurstaða	Breyting	Viðmið	Mismunur
Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	67,2%	-4,2%	69,1%	-1,9%
Samsömun við nemendahópinn	4,1	-0,6	4,7	-0,6
Stuðningur kennara við nemendur	5,3	0,2	5,1	0,2
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,6	0,2	5,3	0,3
Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	5,8	-0,2	5,4	0,4
Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	6	0,2	5,8	0,2
Námsáhugi	5,7	0	5,4	0,3
Vinnulag í námi	4,4	0,2	4,7	-0,3
Fjarvera: Seinkomur í tíma	67,7%	0,5%	67,4%	0,3%
Fjarvera: Skróp í tíma	56,9%	6,9%	49,7%	7,2%
Fjarvera án leyfis heilan dag	35,4%	1,0%	19,9%	15,5%
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku	48,4 klst.	-6,4 klst.	45,9 klst.	2,5 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Skólinn	25,0 klst.	0,8 klst.	24,6 klst.	0,4 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Heimanám	4,9 klst.	-1,9 klst.	5,6 klst.	-0,7 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Launuð vinna	10,4 klst.	-2,9 klst.	8,1 klst.	2,3 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Tómsundur og æfingar	8,0 klst.	-2,4 klst.	7,6 klst.	0,4 klst.
Vellíðan	4,5	0	4,8	-0,3
Hamingja	65,3%	-1,4%	69,80%	-4,5%
Sjálfsálit	4,3	-0,1	4,6	-0,3
Stjórn á eigin lífi	3,6	-0,3	4,1	-0,5
Þunglyndi	19,1%	5,0%	11,9%	7,2%
Kvíði	34,3%	-2,2%	27,7%	6,6%
Svefnleysi	33,3%	2,1%	35,6%	-2,3%
Einelti	10,8%	-4,8%	14,4%	-3,6%
Áreitni og ofbeldi	18,2%	-14,6%	24,0%	-5,8%


Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Helstu styrkleikar eru að nemendur FNV upplifa minna einelti og áreitni og ofbeldi en nemendur í öðrum skólum.

Helstu veikleikar eru að nemendur FNV upplifa minni stjórn á eigin lífi og eru meira fjarverandi án leyfis en nemendur í öðrum skólum og samsama sig ekki eins vel við nemendahópinn.

Sameyki – Stofnun ársins 2022

Helstu niðurstöður - Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs



Tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs.



Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Í könnuninni var þáttgreining (factor analysis) notuð til að greina undirliggjandi þætti. Í þáttgreiningunni koma í megindráttum fram níu þættir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttgreiningunni. Vægi þátta í heildareinkunn er eftirfarandi, stjórnun 15%, starfsandi 13%, launakjör 8%, vinnuskilyrði 11%, sveigjanleiki vinnu 9%, sjálfstæði í starfi 8%, ímynd stofnunar 10% , ánægja og stolt 11% og jafnrétti 13%. Kvarðinn sem notaður er á bilinu 1-5.

Skólinn stendur sig skv. könnunni mjög vel í flestum þáttum en launakjör eru talsvert lægri en aðrir flokkar þó þróunin þar sé í rétta átt (hækkun um 0,30). Ánægja með stjórnun og jafnrétti hefur minnkað (lækkun um 0,11) en niðurstaðan í þeim þáttum er engu að síður góð. Auk launakjara hafa sjálfstæði í starfi (hækkun um 0,13) og vinnuskilyrði (hækkun um 0,09) batnað.

Umbótaáætlun

Gæðaráð Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra tekur allt innra mat til umfjöllunar og umbótaáætlun er sett fram í rýni stjórnenda.